

Fundarboðandi: Sigurborg Daðadóttir

Fundarstaður: Matvælastofnun, Dalshraun 1b, Hafnarfirði

Fundarstjóri: Sigurborg Daðadóttir

Dagsetning: 21. nóvember 2019

Fundarritari: Sigurjón Njarðarson

Fundartími: 09:00 – 10:45

Pátttakendur: Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir, formaður Fisksjúkdómanefndar), Gísli Jónsson (Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir (f.h. Hafró).

Dagskrá

1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsókna um lyfjameðhöndlun eldisfiska
2. Greining IPN veiru
3. Önnur mál

Umræða

1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna lyfjameðhöndlunar eldisfiska í sjókvíaelði

- a) Umsókn um leyfi til að lúsameðhöndla eldisfisk með AlphaMax lúsalyfi í kvíabóli við Eyrarhlíð í Dýrafirði: Fisksjúkdómanefnd tók málið til efnislegrar umfjöllunar. Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og með hliðsjón af aðstæðum, m.a. sjávarhita og ætlaðrar tímasetningu slátrunar, telur nefndin að Matvælastofnun ætti að heimila lúsameðhöndlun vegna laxa- og fiskilúsar. Ljóst þykir að velferð eldisfiskanna verður best tryggð með lyfjameðhöndlun.

2. Greining IPN veiru

Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma gerði Fisksjúkdómanefnd grein fyrir að greinst hefði IPN veira (Infectious Pancreatic Necrosis) í sjókví í laxeldisstöð í Reyðarfirði. Þá var nefndinni tjáð að Matvælastofnun myndi birta tilkynningu um greiningu veirunnar þann 22. nóvember 2019.

3. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 10:45.